

REGLUGERÐ

um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.

1. gr.

Skipan.

Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við Fjármálaeftirlitið.

Ráðherra skipar samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn tilnefndir af Samtökum fjármálafyrirtækja, einn tilnefndur af Landssamtökum lífeyrissjóða og einn sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Nefndin velur sér formann. Nefndin skal tilkynna ráðherra og Fjármálaeftirlitinu um formann nefndarinnar og aðsetur.

2. gr.

Hlutverk.

Samráðsnefndin er vettvangur eftirlitsskyldra aðila til þess að geta komið á framfæri viðhorfum sínum til starfshátta og reksturs Fjármálaeftirlitsins. Nefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Fjármálaeftirlitsins.

3. gr.

Fundir með Fjármálaeftirlitinu.

Seðlabanki Íslands skal eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Skal Seðlabankinn boða til fundar með nefndinni að minnsta kosti einu sinni á ári. Á fundunum skal annars vegar fjalla um stefnu og helstu áherslupætti í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og hins vegar um skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs skv. 4. gr.

4. gr.

Álit á áætluðu rekstrarumfangi.

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi í samræmi við ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Að undangenginni umfjöllun í fjármálaeftirlitsnefnd skal Seðlabanki Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna Fjármálaeftirlitsins. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfsemi Fjármálaeftirlitsins undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Skýrslu Seðlabankans skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs vegna Fjármálaeftirlitsins ásamt afgreiðslu fjármálaeftirlitsnefndar á því álit. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Seðlabankinn eigi síðar en 1. janúar ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal ráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi. Skýrsla Seðlabankans ásamt álit samráðsnefndar skulu fylgja frumvarpinu sem viðaukar.

5. gr.

Kostnaður.

Hvorki ráðuneytið né Fjármálaeftirlitið skulu bera kostnað af starfi samráðsnefndar.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með vísan til 7. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 9. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og öðlast hún þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.